

Umsögn

um athugasemdir sem bárust á kynningartíma áforma um friðlýsingu svæðis innan Gullinbrúar í Grafarvogi í Reykjavík

Í mars 2021 lagði Reykjavíkurborg það til við Umhverfisstofnun að Grafarvogur innan Gullinbrúar yrði friðlýstur. Vinna við verkefnið fór formlega af stað með fundi Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar þann 4. maí sl. og í kjölfarið var skipaður samstarfshópur sem hefur það hlutverk að vinna að undirbúningi friðlýsingarinnar og óskað var eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi svæðisins.

Samstarfshópurinn um friðlýsingu svæðisins skipa:

Pórolfur Jónsson, fulltrúi Reykjavíkurborgar.

Guðríður Þorvarðadóttir, fulltrúi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Davíð Örvar Hansson, Eva Sólan og René Biasone, fulltrúar Umhverfisstofnunar.

Áform um friðlýsingu Blikastaðakróar-Leiruvogs sem friðlands, sbr. 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, voru auglýst þann 11. júlí 2021, í samræmi við málsmeðferðarreglur 2. og 3. mgr. 36. gr., sbr. 2. mgr. 38. gr. laganna en gert er ráð fyrir að svæði sem ekki er á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár skuli kynnt sérstaklega. Auglýsing um áformin var birt í Lögbirtingarblaðinu, vefmiðli Morgunblaðsins www.mbl.is og á heimasíðu og facebooksíðu Umhverfisstofnunar, auk þess sem hagsmunaaðilum var sent bréf þar sem upplýst var um auglýsinguna, hvar hana var að finna og á hvaða tíma gafst tækifæri til að gera athugasemdir.

Frestur til að skila inn athugasemdum var til 10. ágúst 2021.

Alls bárust athugasemdir frá 8 aðilum á kynningartíma. Hér á eftir er gerð grein fyrir athugasemdum þeirra ásamt viðbrögðum samstarfshópsins:

Afmörkun svæðisins

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að réttara hefði verið að friðlýsa í samræmi við tillögu stofnunarinnar á B-hluta náttúruminjaskrár en gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við áformin.

Gísli Örn fagnar friðlýsingunni og leggur til stækkun hins friðlýsta svæðis til austurs ásamt því að skoða að miða mörk hins friðlýsta svæðis við göngustíga. Þá bendir hann á að horfa ætti til þess að fjarlægja stólpa úti á veginum og í stað þeirra að útbúa hólma til auðgunar fuglalífi.

Viðbrögð samstarfshópsins

Á það er bent að umrætt svæði er ekki á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, sbr. 33. gr. náttúruverndarlaga en af því leiðir að friðlýsing verður ekki ákveðin nema með samþykki landeiganda og viðkomandi sveitarfélags, sbr. 2. mgr. 38. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Sú afmörkun sem tillagan nær til er niðurstaða vinnu samstarfshóps sem vann að undirbúningi friðlýsingarinnar og leggur til að svo stöddu, í samræmi við vilja Reykjavíkurborgar.

Gert er ráð fyrir að tillagan taki einnig til bakkagróðurs í veginum en að göngustígar sem njóta hverfisverndar, verði undanskildir.

Hvað stólpana varðar verða áhrif þeirra könnuð en fjarlægging þeirra kann að valda lífríkinu raski, auk þess sem fuglarnir, t.d. lóan og spóinn, sækja í klóþangsfjöruvist til stólpanna.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun óskaði eftir afstöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands til þess hvort að stólparnir hefðu neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins.

Í svari NÍ, dags. 23.9.2021, kom fram stólparnir trufla ekki dýralíf eins og er, enda verið þarna lengi. Sannarlega eru ásýndaráhrif af þeim en allt nánasta umhverfi þarna er mjög manngert hvort eð er. Einnig gæti reynst flókið og truflandi að fjarlægja þá og rask hlotnast af því. Grafarvogur er fyrst og fremst mikilvægur vegna leiranna sem þar finnast. Náttúrufræðistofnun telur einnig ekki þörf á að bæta við hólum til að auðga fuglalíf, þó það gæti ef til vill auðveldað æður, grágæs og máfum að verpa á svæðinu. Forgangsatíði er að tryggja vernd leirunnar og fjörusvæða sem fyrir eru.

Svavar Freyr leggur til að fallið verði frá áformum um friðlýsingu á þeim forsendum að landsvæðið rúmi byggð komi til landfyllingar. Ef ekki verði fallið frá friðlýsingu þurfi að mæta því með aukinni byggð á öðrum svæðum.

Viðbrögð samstarfshópsins

Í skipulagsáætlunum Reykjavíkurborgar er ekki gert ráð fyrir landfyllingu á umræddu svæði. Grafarvogur ásamt leirum er skráður á náttúruminjaskrá (svæði nr. 126) sem einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla á höfuðborgarsvæðinu. Leirur svæðisins njóta jafnframt sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og ber að forðast rask á þeim nema brýna nauðsyn beri til. Verndargildi svæðisins er því þekkt og taka þarf mið af því hvort sem svæðið er friðlýst eða ekki.

Umferð um svæðið

Kayakklúbburinn gerir ráð fyrir að friðlýsing Grafarvogs innan Gullinbrúar fari vel saman við kayakiðkun og vonast eftir að meðlimir klúbbsins hafi, hér eftir sem áður, aðgang að svæðinu til að njóta heilsusamlegrar og umhverfisvænnar útivistar ásamt því að hreinsa strandlengju Reykjavíkur.

Viðbrögð samstarfshópsins

Samstarfshópurinn telur ekki þörf á að leggja bann við allri umferð kayaka um svæðið, þar sem hún er fær, en við gerð tillögu að friðlýsingarskilmálum fyrir svæðið verður leitað eftir áliti Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofu á því hvort að umferð hljóðláttra vatnatækja, s.s. kayaka, geti truflað fugla á viðkvæmum tíma.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar

Umhverfisstofnun óskaði eftir afstöðu Náttúrufræðistofnunar Íslands til þess hvort að umferð vatnatækja um svæðið hefði neikvæð áhrif á fuglalíf svæðisins.

Í svari NÍ, dags. 23.9.2021, kom fram að umferð kayaka hefði hingað til ekki verið með þeim hætti að væri til ama. Á fjörum þegar mest er um fugla þá séu kayakráðarar sömuleiðis mun minna á ferðinni. Í ljósi þessa er ekki talin ástæða til að takmarka umferð kayaka um svæðið. Hvað varðar umferð annarra og hljóðmeiri vatnaleiktækja, s.s. sjókatta, er það mat NÍ að slík umferð sé lítt æskileg innan friðlanda fugla og að huga þurfi að því að takmarka hana, þ.e. a.m.k. leggja bann við henni yfir far- og varptíma fugla.

Í vinnu við gerð friðlýsingarskilmála fyrir svæðið verður tekið mið af framangreindu. Þá verður lagt upp með að nánar skuli fjallað um umferð vatnatækja í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið.

Menningarminjar

Minjastofnun Íslands vekur athygli á að taka þurfi tillit til menningaminja á svæðinu og bendir á að skv. fornleifaskráningu séu fimm skráðar minjar innan, eða við svæðið sem fyrirhugað er að friðlýsa. Leita skal umsagnar stofnunarinnar þegar fyrir liggja áætlanir um framkvæmdir sem hafa jarðrask í för með sér.

Viðbrögð samstarfshópsins

Tekið verður tillit til þess að um menningarminjar fer skv. lögum nr. 80/2012 og verður sett ákvæði þess efnis í friðlýsingarskilmála fyrir svæðið.

Veði og notkun skotvopna

Skotvís telur sjálfbærar veiðar ekki ógn við fjölbreytileika eða sjálfbærni svæðisins og því ætti ekki að setja strangari reglur en gilda í almennum reglum um veiði.

Viðbrögð samstarfshópsins

Um leið og tekið er undir það að ekki skuli setja strangari reglur en þörf er á, er á það bent að um er að ræða svæði á almannafæri í þéttbýli sem er mikilvægt fuglum. Við gerð skilmála fyrir svæðið ber því að taka tillit til þess að skv. 12. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavíkurborg er meðferð skotvopna í þéttbýli og á almannafæri bönnuð nema með sérstakri undanþágu. Þá, skv. 10. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, eru veiðar óheimilar á svæðum sem eru friðlýst vegna dýralífs.

Annað

Hafrannsóknarstofnun og *Landgræðslan* gera ekki athugasemdir við áform um friðlýsingu svæðisins.

26.8.2021
UST202103-339/ EBSH/DÖH
09.03